



**ÍSAFJARÐARBÆR**  
skipulagsfulltrúi

## Umsókn um framkvæmdaleyfi

skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

### Umsækjandi

Nafn Orkubú Vestfjarða	Kennitala 660877-0299
Heimili Stakkanes 1	
Póstnúmer 400	Sveitarfélag Ísafjörður
Sími 450-3211	Farsími
Netfang orkubu@ov.is / srj@ov.is	

### Staðsetning framkvæmdar

Nafn staðar/jarðar Dýrafjörður - Frá Skeiði Þingeyri að væntanlegum gangnamunna Dýrafjarðargangna
Landeigandi Vegagerðin, Ómar Dýri Sigurðsson og Nautahjalli sf.
Kennitala landeiganda 680269-2899, 080763-5149 og 471210-1370


### Tegund framkvæmdar

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir:

Strenglagningu fyrir 11 kV rafstrengi frá Skeiði Þingeyri að væntanlegum gangnamunna Dýrafjarðargangna. Einn strengur verður lagður frá Skeiði að Hvammi. Frá Hvammi að gatnamótum við Dýrafjarðabru verða lagðir tveir strengir. Frá gatnamótum að munna gangna verður svo lagður einn strengur. Hlutverk þessara strengja er að sjá verktökum fyrir rafmagni á framkvæmdatíma gangnanna, eftir að göngin verða klár verður strengurinn notaður sem varaflutningsleið milli Mjólkár og Dýrafjarðar. Strengirnir verða grafnir á 90 cm dýpi. Einnig er óskað eftir leyfir fyrir efnistöku í landi Ketilseyrar, leyfi landeiganda má finna í fylgiskjöllum. Gámapjónusta Vestfjarða mun framkvæma verkið.

Ísafjörður 24/3'17

Staður/dagsetning

  
Undirskrift Orkubú Vestfjarða ohf.

### Vegna framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku:

Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku á landi og 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Jafnframt skal sækja um til Fiskistofu vegna efnistöku eða annarra framkvæmda við ár og vötn og gildir það í allt að 100m fjarlægð frá árfarvegi eða vatnsbakka og skal niðurstaða Fiskistofu fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi.

Óheimilt er að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en gengið hefur verið frá skipulagsáætlun til samræmis við framkvæmdina.



## Úr reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012

### 7. gr.

#### *Gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar.*

Framkvæmdaleyfi skal vera gefið út á grundvelli deiliskipulags. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags, ef í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við á.

Með umsókn um framkvæmdaleyfi skulu fylgja eftirtalin gögn í tveimur eintökum:

1. Afstöðumynd, hnitsett í mælikvarða 1:2.000 – 1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða, sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd og afstöðu hennar gagnvart aðliggjandi byggð og að landi, þ.e. sýnir mannvirki sem fyrir eru á svæðinu, hæðarlínur og annað í landslagi sem skiptir máli fyrir útfærslu framkvæmdar. Á afstöðumynd þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, landmótun, vegtengingum og öðru sem skilmálar deiliskipulags kveða á um og önnur gögn sem við eiga.
2. Hönnunargögn, eftir því sem við á, sem eru nauðsynleg til að framkvæma eftir. Gögnin skulu vera nægjanlega skýr til að hægt sé að ganga úr skugga um að kröfur um faglegan undirbúning, öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni hlutaðeigandi framkvæmda sé fullnægt. Leggja þarf fram gögn m.a. um brunahönnun, hönnun og útreikninga á grundun, burðarþolsútreikninga, og burðarvirkisupprætti vegna framkvæmda eins og stíflu- og brúargerð, og einnig aðrar upplýsingar sem skipulagsnefnd telur nauðsynlegar. Sé um sérstaka eða vandasama framkvæmd að ræða getur skipulagsfulltrúi krafist þess að löggiltur burðarvirkishönnuður fari yfir og samþykki með undirritun sinni útreikninga og burðarvirkisupprætti á kostnað framkvæmdaleyfishafa. Sama á við um gögn og eftirlit fyrir aðrar framkvæmdir sem kalla á sérstaka sérfræðiþekkingu.
3. Lýsing á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum. Í framkvæmdalýsingu þarf að tilgreina framkvæmdatíma, hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdinni og fleira sem skiptir máli.
4. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar ásamt þeim gögnum sem stofnunin byggði niðurstöðu sína á.
5. Fyrirliggjandi samþykki og/eða leyfi annarra leyfisveitenda sem framkvæmdin kann að vera háð samkvæmt öðrum lögum, ásamt upplýsingum um önnur leyfi sem framkvæmdaaðili er með í umsóknarferli eða hyggst sækja um.
6. Aðrar upplýsingar og gögn sem leyfisveitandi telur þörf á.

Þegar ekki liggur fyrir deiliskipulag og sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags þarf einnig að fylgja umsókn yfirlitsmynd í mælikvarða 1:10.000-1:2.000 sem sýnir staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis eða úrdráttur úr aðalskipulagi sem sýnir afmörkun framkvæmdasvæðis. Eftir atvikum skulu fylgja umsókn upplýsingar um veitur, aðkomu og aðstæður á framkvæmdasvæði, þ.m.t. hvort um sé að ræða hættusvæði eða náttúruverndarsvæði eða hvort á svæðinu séu náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Liggi ekki fyrir í skipulagi umsagnir umsagnaraðila um framkvæmdina skulu þær fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi. Umsagnaraðilar geta verið opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum, t.d. eftir því sem við á: Orkustofnun, Siglingastofnun, Vegagerðin, Umhverfisstofnun vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum, Skógrækt ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Fiskistofa, slökkvilið og heilbrigðis- eða náttúruverndarnefnd viðkomandi sveitarfélags.

Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi til efnistöku á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag skal, auk framangreinds eftir því sem við á, fylgja uppráttur og greinargerð (efnistökuáætlun) þar sem gerð er grein fyrir hinu nýja landslagi á vinnslutíma og að efnistöku lokinni. Í gögnum skal gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði og yfirborðsefnum sem koma í veg fyrir fok á jarðefnum.